



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Samkomulag um viðhald grunnvatns- og rennislíkans á höfuðborgarsvæðinu Viðbætur vegna fjölgunar rannsóknarhola við Bláfjöll

Fyrir liggur sameiginleg vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið sem fékk samþykki með svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 og vatnsverndarsamþykkt nr. 555/2015. Við sameiginlega heildarendurskoðun vatnsverndar var stuðst við grunnvatns- og rennislíkan Vatnaskila.

Stjórn SSH skipaði þann 1. desember 2014 samráðshóp um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu. Hópurinn hefur m.a. það hlutverk að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir þau mál og viðfangsefni sem lúta að vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins og tryggja samstillingu þeirra aðila sem bera ábyrgð á málaflokknum.

Grunnvatns- og rennislíkan höfuðborgarsvæðisins gegnir lykilhlutverki í framfylgd vatnsverndar sem og við mat á áhrifum nýrra framkvæmda eða starfsemi á aðrennissvæðum vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gera því með sér eftirfarandi samkomulag um árlegt viðhald grunnvatns- og rennislíkans á höfuðborgarsvæðinu og viðbótargrunnrannsóknir á Bláfjallasvæðinu.

1. Almenn

Samkomulag þetta byggir á fyrirliggjandi markmiðum svæðisskipulagsins Höfuðborgarsvæðið 2040 um samstarf sveitarfélaganna og vatnsveitna um viðhald grunnvatns- og rennislíkans höfuðborgarsvæðisins.

Tilgangur samkomulagsins er að staðfesta vilja og ákvörðun sveitarfélaganna um sameiginlega vatnsvernd og samræmingu ákvarðana sem snerta vatnsverndarsvæðin.

Til að tryggja sem best framgang ofangreindra atriða munu sveitarfélögin standa sameiginlega straum af kostnaði verkfræðistofunnar Vatnaskila við árlega endurskoðun grunnvatns- og rennislíkans.

2. Framkvæmd og umsjón


SSH og samráðshópur um vatnsvernd- og vatnsnýtingu bera ábyrgð á framkvæmd og umsjón samkomulagsins. Samráðshópurinn leggur til í samvinnu við Vatnaskil, forsendur um uppfærslu hvers árs ásamt kostnaðaráætlun. Þá skal samráðshópurinn kynna niðurstöður þegar uppfærsla líkans liggur fyrir.

Hlutverk SSH snýr að umsjón verkefnisins, samskiptum við Vatnaskil á verktíma og miðlun til samráðshóps og sveitarfélaganna. Þá fara framvindugreiðslur fyrir vinnuframlag Vatnaskila í gegnum SSH.

Vegna viðbótargrunnrannsókna á Bláfjallasvæðinu verður settur sérstakur verkefnastjóri sem heldur utan um undirbúning og eftirlit með borun fjögurra nýrra rannsóknarhola og uppsetningu mælíbúnaðar. SSH mun hafa umsjón með því verki í samvinnu við samráðshópinn.

3. Skipting kostnaðar

Kostnaður við árlegt viðhald grunnvatns- og rennislíkans sem og sértækar viðbótargrunnrannsóknir, skiptist á milli vatnsveitna sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda sveitarfélaga 1. desember árið á undan.





Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Kópavogi 22. júní 2020

F.h. Garðabæjar,

F.h. Mosfellsbæjar,

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Veitna,

F.h. Kópavogsbæjar,

F.h. Seltjarnarnesbæjar,

Fylgigögn:

1. Rammasamningur við Vatnaskil um ráðgjafabjónustu.
2. Minnisblað Vatnaskila dags. 26. júní 2019; Tillögur að nýjum rannsóknarborholum við Bláfjöll til staðfestingar vatnaskila á svæðinu. Tillaga að fjölgun rannsóknarhola á Bláfjallasvæðinu
3. Kostnaðaráætlun Mannvits.